

Valsárskóli

Handbók foreldra

Starfsáætlun
2019-2020

ð



UM SKÓLANN

1.1 Aðalmarkmið Valsárskóla

Einkunnarorð skólans eru: Umhyggja – Virkni – Víðsýni – Jákvæð snerting

Við leggjum okkur fram um að sýna börnunum **umhyggju** og kennum þeim að bera **umhyggju** fyrir sjálfum sér og öðrum.

Við erum **virk** í leik og starfi og tökum frumkvæði og fáum nýjar hugmyndir.

Við hvetjum börnin til að prófa og þannig **uppgötva** þau og öðlast trú á eigin getu.

Við þroskum með okkur **víðsýni** með því að leita nýrra leiða og reynum að sjá sem flest stjórnarhorn.

Við leggjum okkur fram um að sýna börnunum **jákvæða snertingu** og hvetja þau til að sýna hvert öðru slíkt. Við ræða um muninn á jákvæðri og neikvæðri snertingu og ólíka upplifun snertingar. Í þessu samhengi er mikilvægast af öllu að vera meðvitaður um eigin tilfinningar sínar, treysta þeim og kunna að tjá þær. Við berum **virðingu** hvert fyrir öðru og sýnum þá virðingu með kurteisi, jafnræði í samskiptum og áhuga hvert á öðru.

Skólastefnan Leiðtogasamfélagið – forysta til framtíðar leggur áherslu á heilbrigð tengsl til að koma í veg fyrir tengslaraskanir og tengslarof. Leiðtogasamfélagið byggir í grunninn á Uppbyggingarstefnunni og áherslum Olweus gegn einelti. Einkenni Uppbyggingarstefunnar eru skýr mörk, ábyrgð á eigin hegðun og þjálfun innri aga. Olweusarstefnan byggir á heiðarlegum samskiptum, opinni umræðu og fullkomnu ópoli fyrir neikvæðum samskiptum. Hugmyndin um leiðtogahæfni er sótt í hugmyndir Daniel Golman um forystu og tilfinningagreind.

Allt starf skólans byggir á skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps

Markmið stefunnar eru frekar útfærð á heimasíðu skólans

1.2 Skólasáttmáli

Skólasáttmáli Álfaborgar/Valsárskóla endurspeglar markmið og stefnu skólans. Skólasáttmálinn er: „**Við starfsfólk og nemendur Álfaborgar/Valsárskóla viljum að öllum líði vel í skólanum. Við viljum að allir séu öruggir, sinni sínu hlutverki og nýti hæfileika sína til góðs.**”

1.3 Starfsmenn

Upplýsingar um starfsfólk Álfaborgar/Valsárskóla er að finna á heimasíðu skólans

1.4 Nemendur

Upplýsingar um nemendur Álfaborgar/Valsárskóla er að finna á heimasíðu skólans

1.5 Nefndir og ráð

Foreldrafélag

Við Valsárskóla er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru:

- að stuðla að meiri og bættri tengslum heimila og skóla,

- að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld,
- að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans,
- að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna, kennara og nemenda a.m.k. einu sinni á ári.

Upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins og starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans

Nemendaráð

Við Valsárskóla er starfandi nemendaráð. Helstu verkefni ráðsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skipuleggja viðburði fyrir nemendur skólans. Ráðið fundar reglulega á skólaárinu, ýmist eitt og sér eða með skólastjóra.

Upplýsingar um nemendaráð er að finna á heimasíðu skólans

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Valsárskóla starfar samkvæmt 39.gr.laga nr.66 frá 1995 og reglugerð nr.388 frá 1996. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Ráðið á að vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Markmiðið er að bæta sérfræðiþjónustu við nemendur og gera hana skilvirkari.

Upplýsingar um nemendaverndarráð er að finna á heimasíðu skólans

Slysa- og áfallaráð

Slysa- og áfallaráð er hópur fagfólks sem skipuleggur áætlanir og viðbrögð við ýmsum aðstæðum, áföllum og hættum sem skapast geta í lífi og starfi nemenda og starfsmanna. Slysa- og áfallaráð vinnur einnig að því að öryggismál skólans séu í lagi. Slysa- og áfallaráð sér um gagnabanka sem samanstendur af áætlunum um viðbrögð við ýmsum aðstæðum, neyðarsímanúmerum og fræðsluefni um áfallahjálp svo eitthvað sé nefnt. Ráðið sér einnig um að neyðargögn séu til staðar.

Slysa- og áfallaráð skipa: Skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, prestur eða ráðgjafi með sálfræðimenntun og fulltrúi starfsmanna.

Upplýsingar um slysa- og áfallaráð er að finna á heimasíðu skólans

Skólaráð

Skv. 8. gr. grunnskólalaga skal starfa skólaráð við alla grunnskóla landsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Upplýsingar um skólaráð er að finna á heimasíðu skólans

SKIPULAG OG STJÓRNUN

2.1 Skólastarfið

Í Valsárskóla eru 49 nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendum er skipt í fimm námshópa og eru 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur hver í sinni stofu. Við skólann er samkenndsla með áherslu á einstaklingsmiðað nám. Þó ber að geta þess að samkennsluhóparnir eru ekki alltaf saman. Það eru svokallaðar skiptistundir í ákveðnum greinum.

Við skólann starfa 7 kennarar, skólastjóri, skólaliði, stuðningsfulltrúi, matráður, húsvörður og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þessa er skólabílstóri verktaki við skólann. Sum þessara starfa eru hlutastörf.

Skólastjóri stjórnar daglegu starfi í skólanum. Skólaliðar og stuðningsfulltrúar annast m.a. eftirlit með umgengni nemenda á daginn og sjá um ræstingu á húsinu.

Skólinn er opinn frá klukkan 07:45 – 15:00 virka daga en lokaður um helgar.

- Sími: 464-5510.
 - Skólastjóri: 859 5005
- Netfang: valsarskoli@svalbardsstond.is
- Heimasíða: www.skolar.svalbardsstrond.is

Skólastarf hefst klukkan 8:05 alla virka daga. Nemendur fara heim þegar skóla lýkur. Útifatnaður, skór og annar fatnaður er ekki geymdur í skólanum.

Allir nemendur skólans fara út í löngufrímínútum og þurfa þeir því að vera klæddir í samræmi við veður hverju sinni.

Nemendur á unglingastigi geta fengið að vera í húsnæði skólans eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, til að sinna verkefnum tengdum skólastarfinu. Um slíkt geta nemendur samið við skólastjóra eða umsjónarkennara.

2.2 Umsjónarkennarar


Hver umsjónarkennari hefur hóp til umsjónar. Misjafnt er hve marga tíma umsjónarkennari kennir sínum bekk/hóp. Umsjónarkennari á að:

- Gæta hagsmuna umsjónarnemenda sinna innan skólans og leitast við að hafa ætíð sem besta vitneskju um nám og líðan þeirra.
- Vera tengiliður skólans við foreldra/forráðamenn umsjónarnemenda.
- Fylgjast með námsframvindu umsjónarnemenda og leiðbeina þeim svo þeir nái sem bestum árangri í náminu.
- Fylgjast með skólasókn.

Umsjónarkennarar skólaárið 2019 – 2020

Umsjónarkennari	Bekkur	Viðtalstími
Guðfinna Steingrímsdóttir	1. - 2. b.	Eftir samkomulagi
Einar Bjarki Sigurjónsson	3. - 4. b.	Eftir samkomulagi
Anna Louise Júlíusdóttir	5. - 6. b.	Eftir samkomulagi
Svala Einarsdóttir	7. - 8. b.	Eftir samkomulagi
Helgi Viðar Tryggvason	9. -10. b.	Eftir samkomulagi

2.3 Skipurit skólans



Húsvörður heyrir undir sveitarstjórn en starfs síns vegna þarf hann að eiga samskipti við starfsmenn og nemendur skólans. Boð berast frá starfsmönnum og nemendum til húsvörðar og öfugt.

Skólaþing er þing þar sem nemendur og starfsmenn koma saman og ræða mál sem nemendur og starfsfólk hefur sett á dagskrá. Mál eru aðeins tekin fyrir ef þau eru í samræmi við landslög og stefnu skólans. Málefni á skólaþingi þurfa að rúmast innan fjárheimilda hverju sinni.

Viðfangsefni innra mats 2019-2020.

Áfram verður unnið að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár skólaárið 2019-2020. Innra mat skólans mun fara fram með ígrundun á niðurstöðum samræmdra prófa og annarra staðlaðra prófa. Einnig verður könnun Olweusar um einelti lögð fyrir nemendur og niðurstöður reifaðar af starfsfólki skólans.

Samkvæmt áætlun um innra mat verður á árinu 2019-2020 verður sérstaklega hugað að tengslum og líðan nemenda og starfsmanna. Skoðaðir eru þættir s.s. líðan, þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf, félagsstarf, aðbúnaður, samstarf heimila og skóla, samstarf við nærsamfélagið og önnur skólastig.

Skýrsla um innra mat og aðgerðaráætlun er að finna á heimasíðunni

SKÓLABRAGUR

Það er siðferðileg og lagaleg skylda starfsfólks skólans að leiðbeina nemendum og kenna þeim aga og góð samskipti. Við viljum gera allt sem við getum til þess að börnum og fullorðnum líði sem best í skólanum. Það skiptir miklu máli að nemendur mæti hlýju og glaðlegu viðmóti en jafnframt festu.

3.1 Skólareglur

Skólasáttmáli Álfaborgar/Valsárskóla endurspeglar markmið og stefnu skólans. Skólasáttmálinn er:

„Við starfsfólk og nemendur Álfaborgar/Valsárskóla viljum að öllum líði vel í skólanum. Við viljum að allir séu öruggir, sinni sínu hlutverki og nýti hæfileika sína til góðs.”

Að allir séu öruggir þýðir til dæmis:

- Við leiðbeinum öðrum og látum vita ef hegðun þeirra ógnar öryggi okkar eða annarra.
- Við skiljum að í heiminum býr alls konar fólk, þess vegna gætum við þess að gefa ekki persónuupplýsingar til ókunnugra.
- Við leitum að öruggum stöðum til að leika okkur á og leikum okkur þannig að allir séu öruggir.
- Við ferðumst hægt um skólann svo við rekumst ekki á aðra.
- Við sköpum umhverfi þar sem enginn þarf að óttast stríðni eða pot.
- Við keppumst að því að allir staðir í skólanum séu örugg svæði.
- Við látum vita ef við finnum ólöglegt eða skaðlegt efni á skólatölvum svo aðrir nemendur þurfi ekki að rekast á það.
- Við gefum skýr skilaboð um hvernig við viljum að aðrir komi fram við okkur.
- Við notum öryggisbelt í skólabílum og hjálm á hjólum, hjólaskóm og hjólabrettum.
- Við göngum niður stigann og hendum ekki hlutum frá okkur.
- Við köstum aðeins snjóboltum á snjóboltasvæði svo þeir sem ekki taka þátt í leiknum skaðist ekki.
- Við förum í biðröð þegar margir þurfa að komast á sama staðinn, t.d. inn í kennslustund eða í skólabílinn.

Að öllum líði vel þýðir t.d.

- Við erum kurteis við hvert annað.
- Við viljum ekki meiða eða særa með orðum okkar eða gjörðum.
- Við líðum ekki ofbeldi, stríðni og einelti í skólanum.
- Við hugsum vel um líkama okkar og almennt hreinlæti (t.d. handþvott) borðum holla fæðu og hreyfum okkur úti.
- Við hlustum vel þegar aðrir tala og spyrjum ef við skiljum ekki.
- Við látum vita ef okkur sjálfum eða öðrum líður illa.
- Við berum ábyrgð á orðum okkar og gjörðum og reynum alltaf að bæta fyrir mistök.
- Við hjálpum öðrum með gleði og erum óhrædd að biðja um hjálp annarra.
- Við hrósum öðrum ef þeir hafa gert eitthvað aðdáunarvert og tökum við hrósi frá öðrum.
- Við förum úr útskóm og útifötum svo við berum ekki bleytu og óhreinindi inn.
- Við gætum þess að hafa vinnufrið í skólastofunni.

Að allir geti sinnt sínu hlutverki og nýti hæfileika sína til góðs er til dæmis:

- Við útskýrum fyrir hvert öðru ef við skiljum ekki.
- Við verndum hvert annað og reynum að snúa slæmum aðstæðum til góðs.
- Við leitum allra leiða sem við kunnum til að skapa gott námsumhverfi.
- Við sýnum skoðunum annarra áhuga því við vitum að við getum lært margt af öðrum sjónarhornum.
- Við erum gagnrýnin í hugsun án þess að gera lítið úr skoðunum annarra eða tilfinningum.
- Við erum skemmtileg og skapandi og reynum að uppgötva nýja hæfileika hjá okkur sjálfum og öðrum.
- Við þurfum að fá tækifæri til að sinna hlutverkum okkar án truflunar frá öðrum.
- Við komum á réttum tíma í skólann og reynum að missa ekki af kennslustund.
- Við reynum að hjálpa ef við sjáum að einhver veldur ekki hlutverki sínu.
- Við förum eftir fyrir mælum starfsfólks sem alltaf eiga að vera í samræmi við skólasáttmála Valsárskóla.
- Við réttum upp hönd ef við viljum fá hjálp við námið eða fá orðið í hópsamræðum.

Viðurlög við brotum á skólasáttmála

Viðbrögð við hegðun nemenda er einn þáttur í menntun þeirra. Samkvæmt 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, ber að halda uppi námsaga með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisn barnsins og öðrum réttindum samkvæmt sáttmálanum. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur sömuleiðis lagt áherslu á að viðbrögð við agabrotum nemenda skuli miða að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu nemenda. Í samræmi við þetta er í 11. gr. [reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011](#), tekið fram að veita skuli þeim nemendum sem sýna af sér óæskilega hegðun eða slaka ástundun stuðning og að taka skuli tillit til aðstæðna og þarfa nemenda, stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Skýr mörk

1. Í Valsárskóla reynum við öll að láta skólasáttmálann stýra hegðun okkar og ákvörðunum.
2. Ef nemandi í skólanum virðir ekki skólasáttmálann þarf að ræða hvað felst í sáttmálanum. Nemandi á alltaf að fá kost á að bæta sig.
3. Ef nemandi brýtur ítrekað gegn skólasáttmálanum þarf hann að ræða við starfsmann/skólastjóra/námsráðgjafa og gera áætlun um hvernig bæta má hegðun sína. Þannig geta nemendur sem brjóta gegn skólasáttmálanum hjálpað til við að gera skólann betri fyrir okkur öll.
4. Við stöndum öll vörð um skólasáttmálann án þess að nota refsingar og hótanir. Það er mikið nám að móta hegðun sína og þar hjálpumst við öll að.

Umræða við nemanda eftir brot á skólasáttmála fer eftir eftirfarandi ferli

1. Umhugsun - Nemandinn fær góðan tíma til að róa sig og hugsa málið áður en rætt er við hann.
2. Umræða - Reynt að fá sem besta mynd af atvikinu og hvort hugsanlega sé að aðrir hafi komið við sögu.
3. Uppbygging - Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir að atvikið komi upp aftur, þarf að breyta einhverju? Er hægt að bæta fyrir það sem gerðist.
4. Fyrirgefning/loforð - Farið yfir hvernig nemandinn vill haga því að bæta fyrir brot sitt. Lykilatriði eru fyrirgefning og loforð.

Nemandinn þarf að spyrja sig: Þarf ég að biðja einhvern fyrirgefningar? Þarf einhver að biðja mig fyrirgefningar? Þarf ég að lofa að bæta eitthvað í hegðun minni? Þarf einhver annar að bæta sig? Þarf að bæta eitthvað í skólasamfélaginu? Mikilvægt er að nemendur biðji ekki fyrirgefningar eða lofi einhverju án þess að hafa gert sér grein fyrir því í hverju það felst.

3.2 Skólasókn (Veikindi – Óveður – Leyfi)

Grunnskólar eru ætlaðir frískum börnum. Veikist barnið er haft samband við foreldra og nemandinn sendur heim. Komist nemandi ekki í skólann vegna veikinda skulu foreldrar/forráðamenn tilkynna það umsjónarkennara eða skólastjóra **alla daga** sem veikindi standa yfir; símleiðis, í gegnum tölvupóst eða gegnum upplýsingakerfið Mentor.

Ef foreldrar/forráðamenn þurfa leyfi fyrir börn sín vegna annars en veikinda er það leyfi að öllu jöfnu veitt. Ef leyfið er lengra en tveir dagar þarf að gera ráðstafanir varðandi nám nemandans.

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir að snúa sér til umsjónarkennara með eins eða tveggja daga leyfi fyrir nemendur.

Ef óskað er eftir leyfi í fleiri en tvo daga þarf skólastjóri að gefa leyfi um slíkt. Um leyfi gildir 8. grein laga um grunnskóla nr. 66/1995:

„Sæki foreldri/forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.“

Ef óskað er eftir leyfi í meira en tvo daga þarf að:

1. Ræða við umsjónarkennara um hvernig hægt verður að bæta upp það sem tapast úr námi á meðan á leyfi stendur.
2. Fá bækur og verkefni til að vinna í.
3. Fylla út umsókn um leyfi á heimasíðu skólans.
4. Afhenda skólastjóra umsóknarblaðið og fá afrit með undirskrift beggja.

Ef þessu ferli er fylgt er gefið leyfi og forráðamenn bera ábyrgð á því að námi sé sinnt á meðan á leyfi stendur.

Ef foreldrar sinna ekki þessum skyldum sínum er ekki sjálfsagt að leyfi sé veitt í slíkum tilvikum.

Ef veður er tvísýnt metur skólastjóri það í samráði við lögregluna og vegagerðina hvort hann skuli sækja börnin. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem ganga í skólann verða að meta hvort þau eigi að fara. Ef veður er svo slæmt að það þurfi að fella niður kennslu er foreldrum/forráðamönnum sent sms í skráða farsíma fyrir klukkan 7:15. Eins verður sett inn tilkynning á heimasíðu skólans og tölvupóstur sendur ef hægt er.

3.3 Frímínútur

Hver kennslustund er 60 mínútur og fá nemendur hlé á milli kennslustunda. Nemendur geta nýtt þessar mínútur til að leika sér, spjalla saman, lesa, slappa af eða læra. Í morgunfrímínútum halda nemendur sig á neðri hæð skólans eða í matsal. Klukkan **10:15 – 10:35** eru svokallaðar löngu frímínútur þá fara nemendur allra bekkja út. Nemendur 8.-10. bekkjar mega koma inn eftir 10 mínútur og sitja rólegir á setustofunni.

3.4 Mötuneyti og nesti

Í morgunfrímínútum er boðið upp á hafragraut, slátur og ávexti. Nemendur mega koma í skólann með hollt nesti og borða það þá í morgunfrímínútum. Allur matur á skólatíma er gjaldfrjálss fyrir alla nemendur skólans. Upplýsingar um matseðla og nesti er að finna á heimasíðu skólans

3.5 Skólaakstur

Upplýsingar um skólaakstur er að finna á heimasíðu skólans

3.6 Skólavistun/Vinaborg

Upplýsingar um skólavistun er að finna á heimasíðu skólans

3.7 Heimsóknir barna í skólann.

Stuttar heimsóknir

Nemendur annarra skóla geta fengið að koma í stuttar heimsóknir í Valsárskóla. Yfirleitt er þá miðað við að gesturinn sé aðeins einn dag í skólanum og komi fullbúinn námsefni til að vinna í meðan á heimsókn stendur. Kennarar skólans útvega ekki námsefni fyrir gesti, ef þeir eru verkefnalausir þá eru þeir sendir úr skólanum. Gestir skulu hlíta skólareglum og fara að fyrirælu starfsfólks. Gestir þurfa einnig að vera með íþróttaföt ef við á og útifatnað.

Leyfi þarf að fá fyrir heimsókninni hjá skólastjóra a.m.k. sólarhring áður en nemandi kemur í skólann. Skólastjóri athugar hvort kennarar hópsins geta tekið við auka nemanda. Mögulega er staða hópsins slík að heimsóknir eru óæskilegar, námsmat getur verið í gangi eða annað komið upp. Heimsóknir þarfnast undirbúnings og miðað við upplýsingar frá kennurum tekur skólastjóri ákvörðun um hvort leyfi er veitt.

Lengri dvöl gestanemanda í skólanum.

Barn á skólaskyldualdri sem dvelur um skemmri í sveitarfélaginu, getur beðið um að koma sem gestanemandi í skólann. Kennarar og skólastjóri meta þá í sameiningu hvort hægt er að verða við slíkrri beiðni. Hvert tilvik er skoðað sérstaklega og samráð haft við skóla nemandans ef þurfa þykir.

Ef um lengri tíma er að ræða þarf samþykki skólanefndar fyrir heimsókninni.

3.8 Skólabókasafn

Skólasafn nemenda á nú rúmlega 2000 bókatitla. Safnið er ávallt læst ef umsjónarmaður safnsins er ekki þar. Nemendur mega aðeins ganga um safnið og taka bækur til að skoða eða til útláns undir eftirliti starfsmanna. Safnið er stundum notað til fundahalda og er þá settur miði á dyrnar

með góðum fyrirvara. Safnið er aðgengilegt öllum starfsmönnum skólans þegar það er ekki í notkun. Þar geta starfsmenn fengið bækur að láni fyrir nemendur skólans. Upplýsingar um bókasafnið er að finna á heimasíðu skólans

3.9 Heimasíða/facebooksíða

Skólinn heldur úti heimasíðu þar sem ýmsar upplýsingar um skólastarfið koma fram. Á heimasíðuna eru settar fréttir og myndir af starfi nemenda og starfsfólks. Slóð á myndirnar, tilkynningar og fréttir eru einnig sesettar á Facebooksíðu skólans <https://www.facebook.com/valsarskoli/>

Athygli foreldra/forráðamanna er vakin á því að þeir geta látið skólayfirvöld og/eða kennara vita af því ef þeir vilja ekki að myndir af börnum þeirra birtist á heimasíðu skólans.

Allar ábendingar varðandi heimasíðuna eru vel þegnar. Umsjónarmaður síðunnar er Auður Hafþórsdóttir.

3.10 Óskilamunir

Nemendur og starfsmenn eiga það til að gleyma ýmsu í skólanum, á skólalóð, íþróttahúsi og sundlaug. Þessum hlutum er safnað saman og þeir geymdir. Ef fatnaður týnist eða önnur verðmæti, skal leita til skólaliða og stuðningsfulltrúa eða kíkja í körfu í forstofunni. Mikilvægt er að merkja allar eigur með nafni og símanúmeri. Engin ábyrgð er tekin á verðmætum eða hvarfi lausafjármuna og fatnaðar.

3.12 Lús

Ef lús finnst í hári nemanda í skólanum er sent bréf heim til foreldra um að allir skuli kemma börnum sínum áður en þau koma aftur í skólann.

3.13 Lyf

Starfsfólk skólans má ekki gefa nemendum skólans lyf nema með samþykki foreldra og æskilegt er að nemendur sem þurfa t.d. endurtekið verkjalyf komi með sín eigin lyf til geymslu hér í skólann með undirskrifað leyfi frá foreldrum.

3.14 Samningur um snjalltæki

Snjalltæki bjóða upp á margar nýjungar í skólastarfi og geta verið gagnleg verkfæri fyrir bæði nemendur og kennara. Á sama tíma geta þessi tæki haft truflandi áhrif í skólum. Sumir skólar bregðast við slíkri hegðun með því að taka tækin af nemendum. Aðrir skólar hafa safnað saman öllum sínum í upphafi kennslustundar, til að fyrirbyggja truflun.

Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi. Er það því mikilvægt að kennarar geti haldið uppi aga í kennslustundum og tryggt nemendum þann vinnufrið sem þeir þurfa. Í samræmi við það er tekið fram í lögum að nemendur eigi að fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks. Þá eiga allir skólar að setja sér skólareglur og hafa þeir nokkuð svigrúm um inntak slíkra reglna. Þó er ljóst að reglurnar þurfa að vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við lög og réttindi barna.

Í Valsárskóla er litið svo á að ákjósanlegasti kosturinn er að nemendur læri að nota tækin sín á ábyrgan og uppbyggilegan hátt, sér og öðrum til gagns og gamans. Því hefur verið ákveðið að ræða ítarlega við nemendur um notkun snjalltækja í upphafi skólaárs. Ef nemendur vilja koma

með síma, snjalltæki eða tónhlöður í skólann þurfa þau að skrifa undir samning um síma, snjalltæki og tónhlöður. Í samningnum er tekið tillit til friðhelgi einkalífs nemenda, eignaréttar og réttar skóla til að skapa nemendum góð skilyrði til náms.

Samningur um snjalltæki.

<https://www.svalbardsstrond.is/alfaborg-valsarskoli/skolinn/skolareglur/samningur-um-snjalltæki>

FJÓRÐI KAFLI

NÁM OG KENNSLA

4.1 Skóladagatal 2019 – 2020 - starfsáætlun nemenda.

Á skóladagatalinu koma fram dagsetningar er varða ýmsa þætti skólstarfsins, s.s. samræmd könnunarpróf, skipulagsdagar kennara, foreldradagar, jólafrí og páskafrí.

Skólaárið hjá nemendum afmarkast af skólasetningu 22. ágúst og skólaslitum 4. júní. Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans. Einnig má fá eintak hjá skólastjóra. Á skóladagatali sjást starfsdagar kennara (sem eru 5 á starfstíma nemenda), jólafrí, páskafrí og aðrir frídagar.

Foreldrar/forráðamenn og nemendur mæta í viðtal til umsjónarkennara tvisvar á skólaárinu. Í þessum viðtölum er farið yfir námsmat með nemendum og foreldrum/forráðamönnum. Lögð er á það áhersla að nemendur **eiga að mæta** með foreldrum/forráðamönnum í þessi viðtöl.

4.2 Kennsluáætlanir, heimanám og val nemenda.

Kennsluáætlanir nemenda má sjá inni á Mentor, undir „námsáætlanir“. Einnig fá nemendur styttri áætlanir til að vinna með í tímum og heima.

Allir nemendur skólans hafa heimalestur 5 daga vikunnar. Sumir nemendur eru með frjáltslestrarbækur en aðrir lesa fræðitexta eða aðrar námsbækur.

Nemendur þurfa að ljúka við vikuáætlun sína á föstudögum og ef slík skil hafa ekki farið fram þá þarf nemandinn að vinna heima um helgina. Sendur er póstur til foreldra ef svo ber undir.

Skólinn er vinnustaður nemenda og geta þeir nýtt aðstöðuna í skólanum eftir að stundaskrá sleppir með leyfi kennara eða skólastjóra.

Allar frekari upplýsingar um nám og kennslu er að finna á heimasíðu skólans

4.3 Mentor

Upplýsingakerfið www.mentor.is er ætlað kennurum, nemendum og foreldrum/forráðamönnum. Kennarar skrá ástundun, heimanám, kennsluáætlun, tilkynningar og fleira inn í kerfið sem er síðan aðgengilegt foreldrum/forráðamönnum.

Við mælum með að foreldrar noti Mentorappið í farsímann, það er aðgengilegra og sendir tilkynningar ef ný skilaboð berast.

4.4 Kennslustundir

Hver kennslustund er 60 mínútur. Kennari skipuleggur tímann. Gagnkvæm virðing á að ríkja og vinnufriður. Engin hefur rétt á því að trufla vinnu annarra, hvort sem það eru kennarar eða nemendur. Nemendur fá hlé milli milli kennslustunda fyrir hádegi. Morgunmatur er 15 mínútur og einu sinni yfir daginn fá nemendur 20 mínútna frí. Hádegishlé nemenda er 25 mínútur. Stundaskrá nemenda gildir allan veturinn. Hana má sjá í Mentor og allir nemendur fá afhenta stundaskrá við upphaf skóla að hausti. Kennslustundafjöldi er mismunandi eftir stigum:

- Yngsta stig 30 kennslustundir á viku.
- Miðstig 35 kennslustundir á viku.
- Unglingastig 37 kennslustundir á viku í skóla, 1 klst á viku í matartíma eða utanskólavali.

4.5 Stuðningskennsla

Engir tveir einstaklingar eru eins, sem betur fer. Sumir þarfnast meiri aðstoðar en aðrir og sér Valsárrskóli þeim nemendum fyrir stuðningskennslu. Skólinn hefur yfir að ráða ákveðnum fjölda kennslustunda á viku til stuðnings og er þeim stundum deilt niður á bekk. Þessi úthlutun kennslustunda er í reglulegri endurskoðun allt skólaárið.

Stuðningskennari fer inn í bekk og veitir þeim nemendum aðstoð sem það þurfa en stundum er þó heppilegt að taka nemendur út og láta þá vinna að ákveðnum verkefnum einum eða í litlum námshópum í námsveri. Mikil áhersla er lögð á samstarf á milli bekkjarkennara og stuðningskennara til að gera stuðningskennsluna markvissa og árangursríka.

Svalbarðsstrandarhreppur hefur gert samning við fjölskyldudeild Akureyrarbæjar um greiningar- og sérfræðipjónustu. Einn sérkennari starfar við skólann og einnig sinna aðrir kennarar þeim nemendum sem þurfa sérstakan stuðning til lengri eða skemmri tíma í samræmi við þær greiningar sem gerðar eru. Nemanda er aldrei vísað í greiningu án samráðs við foreldra/forráðamenn. Sama má segja um stuðningstíma.

4.6 Forfallakennsla

Skólinn sinnir forfallakennslu eftir því sem aðstæður leyfa. Ef kennari forfallast verður leitað til þeirra kennara sem eru með eyður í stundaskrá og geta sinnt forföllum. Ef enginn kennari er laus er fenginn forfallakennari ef slíkur fæst. Forföll eru alltaf mönnuð í 1. – 4. bekk en í eldri bekkjum geta nemendur þurft að bíða á bókasafni, íþróttasal eða setustofu. Slíkt á þó aðeins við í undantekningartilvikum.

4.7 Samræmd próf

Nemendur í 4., 7. og 9. bekk fara í samræmd próf. Prófin eru á skóladagatali. Nemendur í 4. og 7. bekk fara í samræmd próf í íslensku og stærðfræði. 9. bekkur fara í samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði. Prófin eru haldin á sama tíma í öllum skólum landsins.

4.8 Þróunarverkefni

Skólinn er þátttakandi í þó nokkrum þróunarverkefnum. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi skóli. Umhverfismál eru í sífelldri þróun og litar allt skólastarfið. Unnið er með Byrjendalæsi á yngsta stigi og þá er Olweusaráætlunin gegn einelti virk í skólanum. Öll þessi verkefni eru í stöðugri þróun og setja svip sinn á skólastarfið. Starfsmannahópurinn sér um að fylgja því eftir að verkefni séu virk í skólastarfinu en skólastjóri fylgist með gangi mála. Nánari upplýsingar um verkefni er að finna á heimasíðu skólans.

4.9 Tónlistardeild Svalbarðsstrandar

Í Tónlistardeildinni er í vetur boðið upp á kennslu á píanó, orgel, gítar, slagverk, blásturshljóðfæri og einnig söngnám. Í tónlistardeildinni eru í vetur 24 nemendur.

Tónlistarnemendur geta farið úr kennslustundum í skólanum til að sækja tónlistarnámið. Reynt er að flytja tónlistartímana til á stundaskránni í samstarfi við foreldra og kennara svo tónlistarnámið komi ekki niður á námi nemenda. Reynt er að tengja tónleikahald við starfsemi grunnskólanna og er reiknað með að hver nemandi komi fram minnst tvisvar á hverjum vetri.

Handbók tónlistardeildar er á heimasíðu skólans.

4.10 Leikskóladeildin Álfaborg

Í leikskóladeildinni er kennsla fyrir nemendur frá 9 mánaða til 6 ára. Í leikskóladeildinni eru í vetur 34 nemendur.

Handbók Álfaborgar er á heimasíðu skólans.

AÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF

5.1 Heilsugæsla

Heilsugæsla Valsárskóla heyrir undir heilbrigðisstofnun Norðurlands á Akureyri. Brynhildur Smáradóttir hjúkrunarfræðingur sinnir skólaheilsugæslu og er hennar viðverutími í skólanum 2. og 4. föstudag í mánuði klukkan 09:00 – 12:00. Hægt að ná í hana á þeim tíma í síma 464-5510 eða 691-7788

Nánari upplýsingar um heilsugæsluna er að finna á heimasíðu skólans:

<http://www.svalbardsstrond.is/alfaborg-valsarskoli/grunnthaettir/heilbrigdi/heilsugaesla>

Commented [1]: Síða fannst ekki

5.2 Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar

Fjölskyldudeild Akureyrar er með aðsetur að Glerárgötu 26 og er opin alla virka daga frá klukkan 08:00 – 16:00. Sími 460-1420 og 460-1433.

Fjölskyldudeild starfar í þremur teyllum sem skiptir með sér verkefnum á eftirfarandi hátt:

- Barnaverndarteymi sér um mál er falla undir barnaverndarlög. Þar starfa félagsráðgjafar, uppeldisfræðingur og sálfræðingur.
- Félagsþjónustuteymi fjallar um málefni fatlaðra og ýmis önnur félagsleg mál. Þar starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfar og sálfræðingar. Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra er m.a. í formi stuðningsviðtala.
- Skólateymi vinnur samkvæmt lögum leik- og grunnskóla. Þar starfa sálfræðingar ásamt sérkennsluráðgjöfum í leik- og grunnskóla. Skólar og foreldrar/forráðamenn geta leitað til skólateymis vegna málefna einstaka barna. Tilvísunarblöð til útfyllingar eru í skólanum.

Það er hlutverk fjölskyldudeilda að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þeir/þær verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða.

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar er skólanum innan handar um öll þau mál sem snerta sérfræðiþjónustu, s.s. sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, talkennslu o.fl. Sérkennsluráðgjafi og skólasálfræðingur Valsárskóla er sá sálfræðingur sem fjölskyldudeild hefur á sínum snærum hverju sinni.

5.3 Talkennsla

Sonja Magnúsdóttir talkennari kemur reglulega í skólann og hittir sína skjólstæðinga. Sonja er einnig kennurum innan handar og veitir góð ráð ef á þarf að halda.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðu skólans

<http://www.svalbardsstrond.is/alfaborg-valsarskoli/nemendur/studningur-vid-nemendur/talthjalfun>

Commented [2]: Síða fannst ekki

FÉLAGSLÍF NEMENDA

6.1 Samskólaböll

Tveir skólar í samskólasamstarfinu (Grenivíkurskóli, Stórutjarnarskóli, Valsárskóli og Þelamerkurskóli) halda hvor sína samveruna á skólaárinu fyrir nemendur í 8. – 10. bekk og þá er íþróttadagur ásamt einum samskólaviðburði fyrir 5.-7. bekk á skólaárinu. Á samskólaböllum gefst nemendum tækifæri til að hitta jafnaldra sína í öðrum skólum. Í upphafi skólaársins var haldið samskólaþing þar sem nemendur komu með tillögur að samskólasamstarfinu í vetur. Unnið verður að því að finna hentugar tímasetningar fyrir viðburðina. Framkvæmdin er í höndum nemenda og starfsmanna. Dagsetningar og staðsetning verða auglýstar þegar þær liggja fyrir.

6.2 Skólaferðalag unglingastigs

9. og 10. bekkur Valsárskóla fer í skólaferðalag á tveggja ára fresti. Nemendur sjá sjálfir um að safna fyrir þessari ferð með hjálp frá foreldrum/forráðamönnum og starfsmönnum Valsárskóla. Næsta ferð verður farin vorið 2020.

6.3 Ferðir á vegum skólans

Skólinn hefur þá stefnu að hafa útivist og vettvangsferðir sem hluta af námi nemenda. Í þessum ferðum gilda hinar almennu skólaþing og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum fararstjóra. Farið er bæði í stuttar og langar ferðir yfir starfsárið hvort sem það eru gönguferðir í nágrenni skólans, afþreyingarferðir eða heimsóknir í sveitina.

6.4 Árshátíð Valsárskóla

Á vorönn er árshátíð Valsárskóla. Allir nemendur skólans taka þátt. Söngur, leikur og gleði eru allsráðandi. Nemendur og starfsmenn leggja mikla vinnu í undirbúninginn. Ágóði af miðasölu rennur í ferðasjóð unglingastigs.

SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG NÆRSAMFÉLAG

6.1 Mánaðarskipulag

Í upphafi hvers mánaðar sendir skólastjóri mánaðarskipulag þar sem farið er yfir starfið næsta mánuðinn. Mánaðarskipulagið er sett inn á heimsíðu skólans.

<http://www.svalbardsstrond.is/static/files/Alfaborg-Valsarskoli/Skyrslur/manadarskipulag/2015-2016/november-2016.pdf>

6.2 Fréttakorn

Í upphafi hvers mánaðar sendir skólastjóri póst til aðstandenda þar sem sérstök skilaboð eru til foreldra sem varða atburði í skólastarfinu eða nýjungar í skipulagi.

<http://www.svalbardsstrond.is/static/files/Alfaborg-Valsarskoli/Skyrslur/Frettakorn/frettakorn-alfaborgar-og-valsarskola-november-2016.pdf>

6.3 Vikupóstur

Á hverjum föstudegi senda umsjónarkennarar foreldrum vikupóst með því sem er að gerast í skólanum hverju sinni, ef einhverjar breytingar eru væntanlegar eða annað sem umsjónarkennari vill koma á framfæri.

6.4 Ýmsar venjur og atburðir

Foreldrakaffi

Einu sinni á skólaárinu bjóða nemendur foreldrum sínum og öðrum sem vilja koma í kaffi og meðlæti. Foreldrar fá tækifæri til að kynna sér það sem verið er að vinna með hverju sinni.

Ömmu og afakaffi

Einu sinni á ári bjóðum við afa og ömmu formlega í kaffi að öllu jöfnu í fyrri hluta októbermánaðar.

Bóndadagur

Feðrum, öfum og öðrum karlpeningi boðið í skólann og þiggja þorramat og hlýða á atriði frá nemendum.

Konudagur

Mæðrum, ömmum og öðrum konum boðið í skólann og þiggja veitingar og hlýða á atriði frá nemendum.

Afmæli barnanna

Þegar barn á afmæli, má það koma með kökur, ís eða eitthvað góðgæti í skólann sem allir í samkennsluhóp gæða sér á saman. Við stillum magni í hóf.

Uppákomur á föstudögum

Á föstudögum eru oft öðruvísi dagar sem sjá má á mánaðarskipulagi. Þegar er dótadagur mega börnin koma með dót að heima, 1-2 hluti. Vopn eru ekki leyfileg.

Grillveisla

Foreldrafélagið sér um grillveislu á síðasta vordegi fyrir skólaslit.

Jólamánuðurinn

Í desember fara allir bekkir í einhverskonar jólaferð, t.d. að velja jólatré, ferð í Mývatnssveit og annað sem til fellur. Ein af hefðum desembermánaðar er að 1.-4. bekkur flytur helgileik á aðventukvöld í kirkjunni í samstarfi við sóknarprest. Fleiri hefðir eru í desember og má þar nefna laufabrauðsútskurð, jólaþema, jólasöguggerð og jólasöngur. Litlu jól eru haldin síðasta skóladag fyrir jólafrí og þá koma nemendur aftur í skólann síðdegis, halda í sína stofu, fá hátíðarmat og ganga í kringum jólatré.

6.4 Samstarf við grenndarsamfélagið

Reynt er að tengja þemavinnu og verkefni í skólanum við okkar nánasta umhverfi og þá starfsemi sem þar fer fram.

6.5 Samstarf við aðra skóla

Reglulegt samstarf er milli Grenivíkurskóla, Þelamerkurskóla, Stórutjarnarskóla og Valsárskóla og eru þeir kallaðir samskólarnir. Nemendur frá 5.-10. bekk hittast á nokkrum viðburðum yfir veturinn, aðallega tengt félagslífi.